

# Skólaráð Hörðuvallaskóla

4. fundur skólaársins 2019-2020, haldinn 23.01.2020

Skólastjóri: Þórunn Jónasdóttir

Fulltrúar foreldra: Linda Hilmarsdóttir, Björn Ásbjörnsson

Fulltrúi grenndarsamfélags: Marta Kristín Sigurjónsdóttir

Fulltrúar kennara: Margrét Ingadóttir, Hildur Jónasdóttir

Fulltrúi starfsfólks: Sigríður Einarasdóttir

Fulltrúi nemenda:

Dagskrá og afgreiðslur:

## Undirbúningur næsta skólaárs

Allra fyrsta umræða um skóladagatal næsta skólaárs. Í grunninn er gengið út frá sama fyrirkomulagi og á þessu skólaári varðandi uppsetningu dagatalsins. Byrjað er að huga að næsta skólaári. Ekki er fyrir séð að um miklar breytingar verði að ræða í nemendafjölda, líklega fjölgun um 20 nemendur þannig að nemendafjöldi verði um 950. Aðstoðarskólastjóri verður í námsleyfi næsta skólaár. Skólastjóri búinn að segja starfi sínu lausu, það starf verður auglýst fljótlega.

## Húsnæðismál

Húsnæðismál skólans rædd. Veggur vegna hljóðvistar í stofu sem liggur að íþróttasalnum. Vangaveltur um gæði stofu í andyri Kórsins. Áhyggjur af stöðu mála í Vallakór, list- og verkgreinarými, kaffistofa og fleiri kennslustofur. Áhyggjur af stöðu mála í frístund þar sem húsnæði hamlar starfinu verulega. Ákveðið að foreldrafélagið óski eftir fundi með bænum. Spurning með að skrifa formlegt erindi.

## Fyrirspurnir frá foreldrafélagi

1. Er eineltisstefna Hörðuvallaskóla virk og hefur verið gerð úttekt á henni af óháðum aðila. Eineltisstefnan er virk, er mikilvægt að skerpa á henni við alla, benda á hvar hana er að finna á heimasíðu skólans og gera ferla skýrari. Það hefur ekki verið gerð úttekt á henna af óháðum aðila.
2. Óskað eftir upplýsingum um þróunarverkefni sem er í gangi í 7.árgangi. Þar er í gangi verkefni sem byggir á þematengdu námi, samþættingu námsgreina og lögð er áhersla á leiðsagnarmat. Sem er reyndar aukin áhersla á í öllum árgöngum. Það skortir á kynningu á verkefninu bæði til skólasamfélagsins í heild og eins innan skólans. Fljótlega koma upplýsingar á heimasíðu skólans varðandi verkefnið og það verður einnig kynnt á kennarafundi.

3. Ábendingar varðandi Frístund. Húsnæðisskortur virðist hamla starfinu mikið. Ekki hægt að bjóða upp á nægilega fjölbreytt verkefni. Börnin í 1. og 2.árgangi eru of mikið í því sama dag eftir dag. Hafa verið einhver vandræði með salernin sem þarf að skoða. Fólk er ánægt með starfið í 3. og 4. árgangi. Þórunn ætlar að fara yfir þessi mál með forstöðumönnum frístundar og skoða hvernig hægt er að bregðast við.

Næsti fundur áætlaður fimmtudag 6. febrúar kl 8:00